



Aqua Lackfärg

Vörunr. 5740 og 5741

Lýsing

Aqua Lackfärg er hálfmatt (5740) eða gljáandi (5741) vatnsþynnanlegt akrýllakk, ætlað til notkunar innanhúss. Lakkið er fljóþornandi og svo til lyktarlaust, gulnar ekki og er létt í vinnslu. Lakkið flýtur vel og hefur mjög góða viðloðun við áður alkýðmálaða fleti.

Notkun

Aqua Lackfärg hentar vel á húsgögn, hurðir, innréttingar og fleira.

Tæknilegar upplýsingar

Litir: NCS-litakerfi	Þynnir: Vatn
Gljástig: 40 eða 70	Áhaldahreinsir: Vatn
Pakkningar: 1/2, 1 og 4 lítra	Þurrktími: 4 klst
Efnisnotkun: 8-10 m ² /l	Yfirmálun: Lágmark: 16 klst
Eðlisþyngd: 1,0 kg/l og 1,2 kg/l	Hámarg: Ekkert
Þurrefni: 38 % og 32 % (rúmmál)	

Undirmálun

Notið Beckers Snickerispackel við spörtlun. Hægt er að grunna með alkýðgrunnum, eins og Hempalin grunnmálningu (4246), Hempalin ryðvarnargrunni (1205), Hempalin menju (1320) og Grepp Grundfärg (4242). Einnig er hægt að grunna með akrýlgrunnum eins og Hemukrýl bitgrunni (1820) og Aqua Snickerislip (4243). Allt er þetta háð aðstæðum hverju sinni.

Áhöld

Rúlla, pensill eða sprauta. Hreinsið áhöld með vatni strax að lokinni notkun.

Vinnutilhögun

Nýmálun

Viður og spónaplötur: Fjarlægið ryk og önnur óhreinindi. Grunnið með Hempalin grunnmálningu (4246), Grepp Grundfärg (4242) eða Aqua Snickerislip (4243). Að lokum eru málaðar 1-2 umferðir með **Aqua Lackfärg** (5740 eða 5741).

Járn og stál: Hreinsið burt ryð, fitu og önnur óhreinindi. Grunnið með alkýðgrunnum eins og Hempalin ryðvarnargrunni (1205), Hempalin menju (1320), Hempalin grunnmálningu (4246) eða Grepp Grundfärg (4242). Að lokum eru málaðar 1-2 umferðir með **Aqua Lackfärg**.

Galvaniseraðir fletir og ál: Hreinsið fitu og önnur óhreinindi. Grunnið með Hemukrýl bitgrunni (1820) og fylgið leiðbeiningum varðandi notkun hans. Málið síðan yfir með 1-2 umferðum af **Aqua Lackfärg**.

Endurmálun

Fjarlægið laust yfirborð, olíu, fitu og önnur óhreinindi. Ef flöturinn er mjög gljáandi og sléttur er nauðsynlegt að matta hann með finum sandpappír og grunna hann með viðeigandi grunni.

Viður: Þvoið með Málningarhreinsi (6208) og skolið vandlega með vatni. Grunnið með Hempalin grunnmálningu (4246), Grepp Grundfärg (4242) eða Aqua Snickerislip (4243). Lokamálun með 1-2 umferðum af **Aqua Lackfärg**.

Járn og stál: Hreinsið burt ryð. Blettið með Hempalin ryðvarnargrunni (1205) eða Hempalin menju (1320). Málið 2-3 umferðir með **Aqua Lackfärg**.

Athugasemdir

- Berið vel á flötinn og látið lakkið fljóta. Lakkið þornar fljótt og skal forðast að mála yfir það hálfþurrt. Bíðið frekar þar til það er alveg þurrt.
- Lakkið nær fullri hörku eftir eina viku. Borð, hillur o.þ.h. skal því þorna í minnst eina viku áður en hlutir eru settir á.
- Heppilegt er að hafa rakastig sem hæst þegar efnið er borið á. Málið því t.d. fyrst loft og veggj en síðan þá fleti sem lakka á. Með þessu móti nýtist vatnsgufan úr plastmálningunni til þess að gera lökkunina auðveldari.
- **Aqua Lackfärg** er vatnsþynnanlegt en þynnist yfirleitt ekki.
- **Aqua Lackfärg 40** (5740) er með glans 40 en **Aqua Lackfärg 70** (5741) er með glans 70.
- Efnið má ekki frjósa.

Varúðarmerkingar

Við venjulega vinnu með **Aqua Lackfärg** telst hættan á heilsutjóni vera lítil. Varist að anda inn sprautuúða. Komist efnið í snertingu við auga skal skola það strax með vatni í a.m.k. 10 mínútur.

Geymist þar sem börn ná ekki til.